

# Aðalfundur 2012

M.S.-FÉLAG ÍSLANDS

## Fundargerð aðalfundar 2012:

Aðalfundur haldinn þann 8. september 2012 kl. 13.00 að Sléttuvegi 5, Reykjavík.

Á fundinn mættu 23 félagsmenn.

Fundarstjóri : Margrét Pála Ólafsdóttir

Fundarritari : María H. Þorsteinsdóttir

## Fundarefni :

### **1. Skýrsla stjórnar**

Berglind Guðmundsdóttir, formaður, flutti skýrslu stjórnarinnar fyrir starfsárið 2011-2012 (sjá fylgiskjal). Í skýrslunni kemur fram að starf félagsins var öflugt á árinu. Það fólst m.a. í fræðslu- og kynningarfundum, námskeiðum, útgáfu blaðsins MeginStoðar, nefndarstörfum, vinnuhópum, skemmtikvöldum, þjónustu í MS Setrinu og fjáröflun. Unnið er að undirbúningi samnorrænnar rannsóknar og Alþjóðadagur MS var haldinn hátíðlegur.

### **2. Ársreikningur**

Bergþóra Bergsdóttir, gjaldkeri, kynnti endurskoðaða ársreikninga félagsins (sjá fylgiskjal). Afkoma félagsins var jákvæð á árinu. Tekjur voru rúmar 55 milljónir.

### **3. Umræður um skýrslu stjórnar og ársreikning**

Engar athugasemdir komu fram og voru bæði skýrslan og ársreikningar samþykkt samhljóða.

### **4. Árgjald**

Tillaga var frá stjórn um að árgjaldið hækki úr kr. 1500 í kr. 2000. Formaður rökstuddi tillöguna með því m.a. að töluverður kostnaður fylgdi útgáfu á MeginStoð. Tillagan var samþykkt með lófataki.

### **5. Lagabreytingar**

Engar lagabreytingar voru á dagskrá.

## 6. Kosning stjórnar

Í stjórn verða:

Berglind Guðmundsdóttir, formaður

Daníel Kjartan Ármannsson

Sandra Þórisdóttir

(Þessi þrjú hafa ekki lokið kjörtímabili sínu)

Bergþóra Bergsdóttir (endurkjörin)

Heiða Björg Hilmisdóttir ( kemur í stað Sigríðar Jóhannesdóttur sem  
setið hefur í sex ár sem er hámarkstími í stjórn)

Í varastjórn verða:

Njörður Helgason (endurkjörinn)

Guðmundur Löve (kemur í stað Karls Steinars Guðnasonar sem óskaði  
eftir að hætta í varastjórn).

Þeir sem kjörnir voru gáfu kost á sér og voru engin mótframboð. Allir voru kosnir með lófataki.

## 7. Kosning tveggja skoðunarmanna reikninga

Kjörin voru: Margrét Flóvenz og Valdimar Leó Friðriksson.

## 8. Kosning þriggja fulltrúa í fulltrúaráð ÖBÍ

Kosin voru : Garðar Sverrisson í aðalstjórn og Sigurbjörg Ármannsdóttir til vara. Berglind Guðmundsdóttir situr áfram sem fulltrúi á aðalfundi ÖBÍ.

## 9. Kosning nefnda

Laganefnd: Í laganefnd verða Helgi Seljan (endurkjörinn), Sigríður Jóhannesdóttir og Karl Steinar Guðnason, sem koma í stað Sverris Bergmann, sem lést á árinu, og Berglindar Ólafsdóttur, sem er hætt að starfa hjá MS.

Ritnefnd: Páll Kristinn Pálsson er ritstjóri. Í ritnefnd verða áfram Jón Ragnarsson, Sigurbjörg Ármannsdóttir, Njörður Helgason og Berglind Guðmundsdóttir. Lögð var áhersla á að allir félagsmenn sem áhuga hafa geti komið með efni og tillögur til ritnefndar.

Funda- og fræðslunefnd: Í nefndinni verða: Berglind Guðmundsdóttir, Estiva G. Ottósdóttir, Harpa Karlsdóttir, Jóhannes Jónsson, Lonni Björg Sigurbjörnsdóttir, Ólafur Örn Karlsson, Krístrún Þóra Hallgrímsdóttir, Guðrún Erla Sigurðardóttir, Kristján Einarsson og Margrét Sigurðardóttir. Aðrir áhugasamir voru beðnir að láta vita af sér.

## 10. Önnur mál

- a. Gerður Gunnarsdóttir sagði frá listaverki sínu Stoð sem stendur við MS Setrið. Gerður sagði frá sjálfri sér og tilkomu listaverksins, sem var afhjúpað 12. september 2002 og er því 10 ára um þessar mundir. Verkið var steipt í Kína og fengust, með nokkrum erfiðleikum þó, fjárstyrkir frá ýmsum fyrirtækjum til vinnslu og flutnings listaverksins. Gerður tjáði ósk sína um að verkið veitti MS fólki og öðrum gleði og sagði styttuna eiga að túlka stuðning og aðstoð sem fólk með MS þarf á að halda. Hún óskaði félaginu alls góðs og hvatti fólk til að gefast aldrei upp þó móti blási.
- b. Berglind formaður vottaði Sigríði Jóhannesdóttur og Karli Steinari Guðnasyni þakkir fyrir setu í stjórn og annan stuðning við málefni félagsins. Jafnframt bauð hún nýja stjórn velkomna til starfa. Hún tók fram að Berglind Ólafsdóttir, sem er hætt sem framkvæmdastjóri, hafi ætlað að mæta á fundinn til að kveðja en hafi verið veik. Nýr framkvæmdastjóri er Kolbrún Stefánsdóttir og var hún boðin velkomin til starfa.

Fundi var slitið kl. 13.55 og boðið upp á „léttar“ veitingar og spjall.